

6

9. gr.

11. jan.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður verðlaunaveitingar úr sjóðnum samkvæmt tillögum jarðræktarráðunauts, sem starfar í þjónustu félagsins, eða ráðunauts í nýbýlamálum, ef hann verður skipaður.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á Búnaðarþingi, enda samþykki $\frac{3}{4}$ hlutar búnaðarþingsmanna breytinguna.

11. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 15. des. 1944.

F. h. stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Steingr. Steinþórsson.

7

11. jan.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Þóru Sigurðardóttur“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 11. janúar 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Þóru Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður samkvæmt ákvörðun Búnaðarþings 1942.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjafir frá hreppabúnaðarfélögum landsins, búnaðarsamböndum, öðrum stofnunum og einstaklingum til minningar um Sigurð heitinn Sigurðsson, búnaðarmálastjóra, og konu hans Þóru Sigurðardóttur. Stofnfjárhæð þessi er í árslok 1944 kr. 24739.28.

Ágóði af útdregnum vaxtabréfum og $\frac{1}{5}$ hluti vaxtatekna, svo og aðrar tekjur eða gjafir, er sjóðnum kann að áskotnast, skal ávallt leggjast við höfuðstólinn. Þann höfuðstól má aldrei skerða.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, skólustjórar bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri og einn maður kjörinn af Búnaðarþingi. Ræður stjórnin um styrkveitingar úr sjóðnum. Búnaðarfélag Íslands varðveitir eignir sjóðsins. Skal ávaxta eignir hans á þann hátt, að láta þær á vöxtu í ríkistryggðum bankavaxtabréfum, svo sem jarðræktarbréfum, nýbýlabréfum eða öðrum slíkum. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

7

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur frá bændaskólunum til framhaldsnáms í búfræði við erlenda eða innlenda háskóla og visindalegar stofnanir á sviði landbúnaðarins, garðrækt og skógrækt.

5. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa þegar $\frac{1}{2}$ af árlegum vaxtatekjum hans nema kr. 500.00. Skal þá veita einum nemanda styrk úr sjóðnum til framhaldsnáms. Nýtur hann styrks þess er sjóðurinn veitir árlega meðan á námi hans stendur. Þegar handbært styrktarfé sjóðsins nemur 2500 kr. eða meira, er heimilt, eftir ráðstöfun sjóðsstjórnar, að styrkja fleiri en einn nemanda á ári, enda veitist árlega styrkfjárhæð fyrir allt námstímabilið.

6. gr.

Skylt er þeim, sem styrks njóta, að standa stjórn sjóðsins árlega skýrslu um nám sitt og vitnisburð þeirrar stofnunar, er þeir stunda nám við. Ef nemandi vanrækir nám sitt eða hætti námi, missir hann rétt sinn til styrksins.

7. gr.

Skylt er stjórn sjóðsins að auglýsa eftir umsóknum áður en veiting fer fram. Hún skal láta færa bók yfir eignir sjóðsins svo og ársreikning hans. Þar skal og færa skýrslur um allar styrkveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar starfrækslu hans.

8. gr.

Sé handbæru fé sjóðsins ekki varið til úthlutunar eitthvert ár, sbr. 5. gr., er stjórn sjóðsins heimilt að nota það til úthlutunar síðar.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á Búnaðarþingi, enda samþykki þrír fjórðu hlutar búnaðarþingsmanna breytinguna.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 15. des. 1944.

F. h. stjórnar Búnaðarfélags Íslands

Steingr. Steinþórsson.